

19. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 13. febrúar 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson og Björn Arnaldsson. Ragnar Már Ragnarsson var fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa uppsetningu á eftirlitsmyndavélum og búnaði vegna öryggismála.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, framkvæmdum utan húss er lokið, en gangstéttir og bílplan verða steypit í maí n.k. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdir við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Búið er að rífa hluta af núverandi bryggju og hækka. Þá er búið að reka niður alla staura og unnið er við burðarvirki bryggjunnar og undirbúning fyrir uppsetningu á vatns og raflögnum. Ekki hefur verið unnið við bryggjuna s.l. tvær vikur vegna veðurs.
- d) Framkvæmdum við sjóvörn við Ólafsbraut er að mestu lokið. Eftir er að raða grjóti að hluta við Hvalsá og þá er frágangi innan við garðinn á því svæði ekki lokið.
- e) Búið er að setja upp ljósastaura, ganga frá lýsingu og þökuleggja við bílastæðið fyrir ofan höfnina á Arnarstapa. Framkvæmdum lokið.
- f) Verið er að vinna við mælingar og hönnun vegna framkvæmda við sjóvarnir við Keflavíkurgötu á Hellissandi og á Bardastöðum Staðarsveit.
- g) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík.
- h) Verið er að vinna við endurnýjun á friholtum í Rifshöfn og er búið skipta um 42 lengjur á Austurkantinum.
- i) Verið er að vinna að staðsetningu á sameiginlegri spennistöð og tækjahúsi á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar fyrir Rarík og Milu í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.
- j) Verið er að vinna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi hafnarsvæðis Rifshafnar í samvinnu við Tæknideild Snæfellsbæjar.

2) Matthías fór yfir framkvæmdir við íþróttamannvirki og slökkvilið:

Sundlaug Ólafsvík.

- a) Vatnsfontur settur upp inn í sundlaugarsal.
- b) Klárað að laga og skipta út ljósum í salnum.
- c) Gert við hurð á saunatunnu og ljós í henni.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Zts', 'Eva', 'BA', 'Matti', and 'JF'.

- d) Ný segl pöntuð á potta og vaðlaug á útisvæðinu.
- e) Klukkan var send í viðgerð, búið að taka dálítinn tíma að fá gert við hana.
- f) Hurðalistar settir á innrauðklefana
- g) Gert við skjá á iðntölvu í sundlaugarkjallaranum.
- h) Gert við bakskolunarloka á sandsíu.
- i) Settir 1000 lítrar af klór á tankinn sem er úti.
- j) Leki lagaður sem kom á varmadælu 1.
- k) Fasi fór út á varmadælu 4 og hitatúpu. Búið að laga þetta.
- l) Skipt um dælu á varmaendurvinnslu loftræstikerfi.

Íþróttahús Ólafsvík

- a) Setja upp merkingar vegna brunavarna og laga Exit ljós.
- b) Skipt um perur í ljósum í loftræstisal.
- c) Hitunarlokar liðkaðir. Þeir eru að verða ónýtir og verið er að bíða eftir nýjum.
- d) Loftræstikerfi, Gold-samstæða, bilaði. Gerð var bráðabirgðaviðgerð á henni þar sem ekki voru til varahlutir. Í apríl eða maí eru væntanlegir varahlutir.
- e) Sett upp ný LED ljós á gangi, kaffistofu, fundarsal og skrifstofu.
- f) Sett upp skrifborð og rafmagnssnúrur lagaðar.
- g) Gert við skúringavél.
- h) Nokkur LED ljós endurnýjuð í búningaklefum.

Íþróttahús Hellissandi

- a) Farið yfir hitaketil.
- b) Skipt var um dælu í miðstöðinni.

Fótboltavöllur Ólafsvík

- a) Lagaði girðingu á sparkvelli Hellissandi.

Slökkvistöð

- a) Farið var í Eldvarnareftirlit í desember og skoðaðar voru flestar byggingar í eigu Snæfellsbæjar ásamt fleiri fyrirtækjum. Skýrslur eru væntanlegar.
- b) Farið var í árlega 3. bekkjarheimsókn með eldvarnarkennslu.
- c) Ný hitatúpa sett upp, ofnalokar endurnýjaðir og hitakútur fyrir neysluvatn settur upp.
- d) Rofi til að kveikja á háprýstikefli var lagaður á slökkvibíl.
- e) Vestan ehf. kláraði að fara yfir brunaviðvörnakerfi, aðeins eitt kerfi er eftir
- f) Keypt var rekstútasett, barki fyrir reykblásara, kerra undir dælu og 3,2 kw rafstöð.

Tölvumál

- a) Nýjar tölvur settar upp í tæknideild.
- b) Sí mavandamál löguð í Ráðhúsi.
- c) Teikningarsjá í tæknideildinni löguð.
- d) Gerð netföng fyrir GSNB.
- e) Prentari lagaður í Ráðhúsi.

The bottom right corner of the page contains several handwritten signatures and initials in blue ink. One signature appears to be 'BLS' with a flourish. Below it, there are initials that look like 'MPF' and 'KJ'. There are also some other less distinct marks and initials scattered around.

3) Leifur fór yfir ýmsar framkvæmdir:

- a) Unnið í Vallholti 19, 1hh. Íbúðin er langt komin.
- b) Tengt vatn og nýr hurðarmótor í bílskúr í Fossabrekku 21, íbúð 203.
- c) Ýmislegt smávægilegt lagað í leikskólum.
- d) Smálagfæringar í Klifi og Röst.
- e) Heimsóknir ásamt bæjarstjórn í stofnanir.
- f) Ýmislegt smávægilegt á Jaðri ásamt aðstoð við uppsetningu hitablásara (vatnstengdir) í matsal.
- g) Ýmis önnur smáverkefni sem til falla dags daglega.

4) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:

- a. Desember og janúar hafa að venju farið í undirbúning, viðhald og frágang jólaskreytinga í bæjarfélaginu.
- b. Á þessum árstíma fer líka mikill tími í snjómokstur og hálkuvarnir. Nýr saltdreifari var keyptur sem virkar mjög vel.
- c. Unnið var að lokafrágangi að Ólafsbraut 23, en húsið var afhent Félagi eldri borgara þann 1. febrúar s.l.
- d. Skipt var um varmadælu í Klifi og hún virkar mjög vel.
- e. Verið er að aðstoða við viðbyggingu á Lýsuhóli. Sú framkvæmd gengur vel.

5) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:

Grunnskólahúsnaðið í Ólafsvík

- a) Loksins búið að ljúka við skriðkjallarann. Allt er lekalaust og búið að þurrka allt. Ný dæla var sett upp niðri og lúgu sett niður í kjallarann þar sem blásari var settur í til að hafa hreyfingu á loftinu.
- b) Yfir vetrartímamann er líka ýmislegt smálegt sem til fellur á hverjum degi, t.d. málningarvinna á stofum, færsla á töflum o.fl.

Grunnskólahúsnaðið á Hellissandi

- c) Jón hefur verið að ljúka við gluggana. Síðasti glugginn verður kláraður í dag. Búið er að smyrja allar lamir og læsingar á gluggunum.
- d) Búið er að vera að vinna í brunaviðvörðunarkerfi skv. teikningum í samvinnu við Lúðvík Ver og Vestan ehf. Það er búið að yfirfara brunakerfið í báðum skólum.
- e) Búið að setja upp vettlingaofn sem Viðar smíðaði og hann kemur mjög vel út.

6) Ragnar sendi nokkra punkta:

- a. Unnið er að innleiðingu rafrænna undirskrifa á teikningum. Þetta mun þýða að hönnuðir munu framvegis einungis geta senda teikningasettin á rafrænu formi í gegnum íbúagáttina. Eftir yfirferð byggingarfulltrúa eru teikningarnar sendar viðkomandi hönnuði til undirritunar með rafrænum hætti. Einungis verður tekið á móti teikningum í settum þannig að ein rafræn undirskrift verður fyrir t.d aðaluppdrætti og ein rafræn undirskrift fyrir rafmagnsteikningar osfrv. Með innleiðingu á þessu kerfi mun skönnun og geymsla á teikningum á blaðformi tilheyra sögunni með tilheyrandi sparnaði. Allar




Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like Ólafur, MPA, and others.

teikningar sem verða settar í kortasjá Snæfellsbæjar framvegis munu birtast notendum á pdf formi og gæðin eftir því.

- b. Unnið er að skipulags- og lóðamálum sem eru nú þegar í ferli. Sem dæmi þá er unnið að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir höfnina á Rífi, en þar stendur til að byggja iðnaðarhúsnæði með nokkrum iðnaðarbilum. Einnig er nýtt deiliskipulag fyrir hótelið á Hellissandi í vinnslu. Hafin forvinna við nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í Ólafsvík.
- c. Stefnt er að því að hefja vinnu við gluggaskipti á bæjarskrifstofunni í febrúar. Gluggarnir eru komnir til Ólafsvíkur.
- d. Töluvert hefur verið spurt um lóðir í Snæfellsbæ, bæði íbúða- og iðnaðarlóðir. Nýlega var sótt um þrjár einbýlishúsalóðir á Hellissandi og eina í Ólafsvík þannig að eftirspurnin er töluverð fyrir utan fyrirspurnir sem berast reglulega um byggingalóðir.
- e. Byrjað er að vinna auglýsingu vegna starfa við vinnuskólann næsta sumar.
- f. Míla stefnir á að ljósleiðaravæða hluta af Ólafsvík næsta sumar auk þess að setja upp fjarskiptamastur niður við höfnina. Líklegt er að Rarik og Míla muni sameinast í byggingu nýs húsnæðis fyrir raf- og fjarskiptabúnað fyrirtækjanna.
- g. Unnið hefur verið að endurbótum og fjölgun umsóknareyðublaða í íbúagáttinni sem er á heimasíðu Snæfellsbæjar. Fyrir utan þau eyðublöð sem tengjast framkvæmdum, og eru nú þegar virk, þá hafa bæst við eyðublöð vegna skipulagsmála og fyrir stöðuleyfi sem dæmi.
- h. Önnur dagleg störf.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 5. mars kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:47


ÞÓRUNN ARNALÓSSON.
Matthías Páll Gunnarsson
Ólafur Þorinn
Baldurinn Jónsson
~~ATKAT~~
